


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	SÁL3036 fjarnám Námsáætlun Vorönn 2017	

Kennari	Árný Þóra Ármannsdóttir	Sk.st.	ÁPÁ
----------------	--------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður fjallað um hvatir, atferlisvaka, hegðun og tilfinningar með áherslu á frávíkshegðun. Fjallað verður um hvatræna hegðun eins og át og kynhegðun. Rætt verður um tilfinningar og áhrif þeirra á hegðun sem og tilfinningatengd vandamál eins og streitu. Jafnframt verður rýnt í orsakir ofbeldishegðunar. Megináhersla verður síðan lögð á umræðu um geðheilbrigði og algengustu flokka geðrænna vandamála. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði.


Áfangamarkmið:

- Að auka þekkingu og skilning nemenda á mismunandi orsökum hegðunar almennt og frávíkshegðunar sérstaklega.
- Að vekja nemendur til vitundar um leiðir til að draga úr kvíða og streitu og viðhalda góðri geðheilsu.
- Að auka þekkingu nemenda á geðrænum vandamálum, orsökum þeirra, einkennum og afleiðingum.
- Að vekja nemendur til umhugsunar um aðstæður fólks með geðraskanir og fordóma gagnvart þeim.

Námsgögn:

Námsefni, eða tilvísanir í það (vefsíður og tímaritsgreinar) verður aðgengilegt á [Moodlesvæði áfangans](#). Kennari mun vísa nemendum á þetta efni eftir þörfum. Í námsefnispakkanum er eftirfarandi efni:

- Kaflar 14-16 úr bók Atkinson, Atkinson og Hilgard: Sálfræði 2.
- Greinar á vefnum sem tengjast efnisumfjölluninni.
- Verkefni, glærur og glósur kennara.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	SÁL3036 fjarnám Námsáætlun Vorönn 2017	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangssefni	Verkefni
30. - 5. feb.	Hvatir 1 – Svengd og át	Verkefni 1
6. - 12. feb.	Hvatir 2 – Kynhvöt/kynhegðun	Verkefni 2
13. - 19. feb.	Tilfinningar 1 - Almenn	Verkefni 3
20. - 26. feb.	Tilfinningar 2 – Reiði og ofbeldi	Verkefni 4
27. feb. - 5. mars	Kvíði og hefting	Verkefni 5
6. - 12. mars	Streita	Heimapróf
13. - 19. mars	Heimildaritgerð - kynning	Heimildaritgerð
20. - 26. mars	Geðræn vandamál – 1. hluti	Heimildaritgerð
27. mars - 2. apríl	Geðræn vandamál – 2. hluti	Verkefni 6
3. - 9. apríl	Geðræn vandamál – 3. hluti	Verkefni 7
10. - 16. apríl	Páskaleyfi	
17. - 23. apríl	Meðferð geðrænna vandamála - 1	Verkefni 8
24. - 30. apríl	Meðferð geðrænna vandamála - 2	Skila heimildaritgerð
1. - 7. maí	Prófundirbúningur	Lokapróf

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Verkefni annarinnar	Átta verkefni (5% hvert).	40%
Heimapróf	Haldið verður heimapróf á miðri önn	15%
Heimildaritgerð	Ritgerð úr völdu efni	15%
Lokapróf	Lokapróf	30%
	Samtals:	100%
Annað:	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat. Mikilvægt er að nemendur skili öllum verkefnum. Skilafrestur rennur út á miðnætti skiladags. Skili nemandi ekki á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það núlli í einkunn. Nemendum ber að mæta í lokapróf og skila heimildaritgerð til að ljúka áfanganum.	

Dagsetning: 30/1/17  
 Undirritun kennara Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils